

8

24. jan.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 110/1943, um oliugeyma o. fl.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við álagningu skatta eða annarra opinberra gjalda á olíusamlög eða samband olíusamlaga, er stofnuð kunna að verða samkvæmt lögum þessum, skal gilda sama regla og um samvinnufélög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Aki Jakobsson.

9

24. jan.

L Ö G**um stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði í læknadeild Háskóla Íslands.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal prófessorsembætti í heilbrigðisfræði í læknadeild Háskóla Íslands.

2. gr.

Auk kennslu í heilbrigðisfræði í læknadeild háskólans skal prófessorinn í heilbrigðisfræði annast heilbrigðisfræðilegar rannsóknir fyrir ríkisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð.

3. gr.

Um prófessorinn í heilbrigðisfræði gilda að öllu sömu reglur sem um prófessorana, sem fyrir eru við háskólann.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.